

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2018/EES/64/20
(ESB) 2017/2384****frá 19. desember 2017****þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2019 að því er varðar vinnumarkaðskönnunina samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 7. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í Evrópsku vinnumálaáætluninni, viðmiðunarreglum um atvinnumál ⁽²⁾ og Evrópustoð félagslegra réttinda ⁽³⁾, einkum meginreglum hennar um trausta og sveigjanlega vinnu, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og vel aðlagð vinnuumhverfi, kemur fram að bæði fyrirtæki og starfsmenn í Evrópu verða að búa yfir meiri aðlögunarhæfni og jafnframt að nauðsynlegt sé að safna gögnum með víðtækri evrópskri könnun á beitingu nýrra starfsvenja í vinnuskipulagi og tilhögun vinnutíma og reynslu starfsmanna af þessum starfsvenjum og tilhögun.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1851 ⁽⁴⁾ tilgreinir og lýsir sviðum þar sem veittar verða ítarlegri upplýsingar, þ.e. undireiningar viðhengja, og sem ættu að vera með í viðhenginu fyrir 2019 um vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma að því er varðar vinnumarkaðskönnunina samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) nr. 577/98.
- 3) Því ætti að tilgreina tækniatriði, síur, flokkunarkóða og skilafrest á afhendingu aðildarríkja á gögnum samkvæmt viðhenginu um vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma.
- 4) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Mælt er fyrir um tækniatriðin í viðhenginu fyrir árið 2019, um vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma, síur, flokkunarkóða sem nota á og frest vegna sendinga aðildarríkjanna á gögnum til framkvæmdastjórnarinnar, í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 340, 20.12.2017, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

(2) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2015/1848 frá 5. október 2015 um viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur aðildarríkjanna fyrir árið 2015 (Stjttíð. ESB L 268, 15.10.2015, bls. 28).

(3) https://ec.europa.eu/commission/priorities/deeper-and-fairer-economic-and-monetary-union/european-pillar-social-rights_en

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1851 frá 14. júní 2016 um samþykkt áætlunar um sérstök viðhengi fyrir árin 2019, 2020 og 2021 varðandi vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjttíð. ESB L 284, 20.10.2016, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í þessum viðauka eru sett fram tækniatriði, síur og flokkunarkóðar sem nota á í viðhenginu um vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma sem framkvæma á árið 2019. Í honum setja aðildarríkin einnig fram dagsetningar um að leggja fram gögn fyrir framkvæmdastjórnina.

Frestur vegna gagnasendingar á niðurstöðum til framkvæmdastjórnarinnar: 31. mars 2020.

Síur og flokkunarkóðar sem verða notaðir vegna gagnasendinga: eins og sett er fram í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 ⁽¹⁾.

Dálkar fyrir valkvæða vægisstuðla sem nota á ef um hlutaúrtak eða brottfall er að ræða: í dálkum 226–229 eru heilar tölur og í dálkum 230 og 231 eru aukastafir.

1) Undireining „Sveigjanleiki vinnutíma“

Heiti/dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
VARIWT 211		Breytilegur vinnutími <i>Hvernig upphaf og lok vinnutíma í aðalstarfi eru ákvörðuð</i>	WSTATOR = 1,2
	1	Starfsmenn geta að öllu leyti ákveðið vinnutíma	
	2	Starfsmenn geta ákveðið vinnutíma, með ákveðnum takmörkunum	
	3	Vinnuveitandi eða stofnun ákveða einkum vinnutíma	
	9	Á ekki við (ekki talið með í síunni)	
	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki	
FRÍTÍMI 212		Frelsi til að taka frístundir <i>Möguleiki á að taka einn eða tvo klukkutíma í frístund í aðalstarfi til eigin nota eða af fjölskylduástæðum á einum vinnudegi</i>	VARIWT = 2,3,autt
	1	Mjög auðvelt	
	2	Frekar auðvelt	
	3	Frekar erfitt	
	4	Mjög erfitt	
	9	Á ekki við (ekki talið með í síunni)	
	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki	
FREELEAV 213		Frelsi til að taka orlof <i>Möguleiki á að taka einn eða tvo daga í orlof á þriggja vinnudaga tímabili</i>	WSTATOR = 1,2
	1	Mjög auðvelt	
	2	Frekar auðvelt	

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57).

Heiti/dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía	
FLEXWT 214	3	Frekar erfitt	WSTATOR = 1,2	
	4	Mjög erfitt		
	9	Á ekki við (ekki talið með í síunni)		
	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki		
	Ætlaður sveigjanleiki á vinnutíma			
	<i>Hve oft starfsmaður þarf að kljást við ófyrirsjáanlegar kröfur um breyttan vinnutíma í aðalstarfi</i>			
	1	Að minnsta kosti einu sinni á viku		
	2	Ekki í hverri viku en að minnsta kosti einu sinni í mánuði		
	3	Sjaldnar en mánaðarlega eða aldrei		
	9	Á ekki við (ekki talið með í síunni)		
AVAIFFREE 215	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki	WSTATOR = 1,2	
	Möguleiki á vinnu í frítíma			
	<i>Haft var samband við starfsmann í frítíma hans á síðustu tveimur mánuðum til að kalla hann til starfa fyrir næsta vinnudag í aðalstarfi</i>			
	1	Aldrei haft samband á síðustu 2 mánuðum		
	2	Haft var samband einstaka sinnum		
	3	Haft var samband nokkrum sinnum og ætlast til að tekið yrði til starfa fyrir næsta vinnudag		
	4	Haft var oft samband og ekki ætlast til að tekið yrði til starfa fyrir næsta vinnudag		
	9	Á ekki við (ekki talið með í síunni)		
	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki		

2) Undirreining „Vinnuaðferðir“

Heiti/dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
RECHOURS 216-217	Skráning viðveru eða vinnutíma		STAPRO = 3
	<i>Aðferð við að skrá viðveru eða vinnutíma í aðalstarfi</i>		
	01	Viðvera og vinnustundir eru ekki skráðar	
	02	Viðvera er skráð handvirkt af viðkomandi starfsmanni	
	03	Yfirmaður eða samstarfsmaður skráir viðveru handvirkt	
	04	Viðvera er skráð sjálfvirkt (stimplunarkerfi, við innskráningu)	

Heiti/dálgur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
	05	Viðvera er skráð á annan hátt	
	06	Viðkomandi starfsmaður skráir vinnustundir handvirkt	
	07	Yfirmaður eða samstarfsmaður skráir vinnustundir handvirkt	
	08	Vinnustundir eru skráðar sjálfvirkt (stimplunarkerfi, við innskráningu)	
	09	Vinnustundir eru skráðar á annan hátt	
	99	Á ekki við (ekki talið með í síunni)	
	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki	
PRESSURE		Vinna í tímahraki	WSTATOR = 1,2
218		<i>Hve oft einstaklingur vinnur í tímahraki í aðalstarfi</i>	
	1	Alltaf	
	2	Oft	
	3	Stundum	
	4	Aldrei	
	9	Á ekki við (ekki talið með í síunni)	
	Eyða	Ekkert svar/Veit ekki	
JOBAUTON		Sjálfstæði í starfi	WSTATOR = 1,2
219-220		<i>Möguleiki á að hafa áhrif á skipulag og inntak verkefna í aðalstarfi</i>	
	11	Mikil áhrif á skipulag og inntak	
	12	Mikil áhrif á skipulag og nokkur áhrif á inntak	
	13	Mikil áhrif á skipulag og lítil eða engin áhrif á inntak	
	21	Nokkur áhrif á skipulag og mikil áhrif á inntak	
	22	Nokkur áhrif á skipulag og inntak	
	23	Nokkur áhrif á skipulag og lítil eða engin áhrif á inntak	
	31	Mikil áhrif á inntak og lítil eða engin áhrif á skipulag	
	32	Nokkur áhrif á inntak og lítil eða engin áhrif á skipulag	
	33	Lítill eða engin áhrif á skipulag og inntak	
	99	Á ekki við (ekki talið með í síunni)	
	Eyða	Ekkert svar/veit ekki	

3) Undirreining „Vinnustaður“

Heiti/dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Síða
PLACEWK 221		<p style="text-align: center;">Aðalvinnustaður</p> <p><i>Staður þar sem starfsemi í aðalstarfi fer einkum fram</i></p> <p>1 Í húsnæði vinnuveitanda eða í eigin húsnæði</p> <p>2 Heimili</p> <p>3 Á stað viðskiptavinar</p> <p>4 Ekki á föstum stað (ökutæki, afhendingarþjónusta, o.s.frv.)</p> <p>5 Annað</p> <p>9 Á ekki við (ekki talið með í sýnni)</p> <p>Eyða Ekkert svar/veit ekki</p>	WSTATOR = 1,2
COMMUTM 222–224		<p style="text-align: center;">Ferðatími</p> <p><i>Tími sem það tekur að ferðast frá heimili til vinnu í aðalstarfi (ein leið)</i></p> <p>000–240 Mínútur</p> <p>999 Á ekki við (ekki talið með í sýnni)</p> <p>Eyða Ekkert svar/veit ekki</p>	PLACEWK#2
OTHERLOC 225		<p style="text-align: center;">Vinna á öðrum stöðum</p> <p><i>Vinnur á fleiri en einum stað í aðalstarfi</i></p> <p>1 Daglega</p> <p>2 Ekki daglega en að minnsta kosti vikulega</p> <p>3 Sjaldnar en vikulega en að minnsta kosti einu sinni í mánuði</p> <p>4 Sjaldnar en mánaðarlega eða aldrei</p> <p>9 Á ekki við (ekki talið með í sýnni)</p> <p>Eyða Ekkert svar/veit ekki</p>	PLACEWK = 1-5